

Réttlæti fyrir fólk og framtíð

Verkefni næstu missera eru skýr, réttlæti fyrir fólk og framtíð. Almenningur er langþryggtur á háum vöxtum, dýrum matarkörfum og hækkanði leiguverði, þar sem fólk sýpur seyðið af þenslu sem það stofnaði ekki til. Ungt fólk sér ekki fram á að geta safnað fyrir útborgun og foreldrar þeirra sjá ekki hvernig þau geta aðstoðað börn sín í því að eignast þak yfir höfuðið. Sýn okkar er sú að það verði engin efnahagslegur eða félagslegur stöðugleiki öðruvísi en það verði ráðist í frekara áttak í húsnæðismálum, sem auki framboð og verji venjulegt fólk frá því að keppa við fjárfesta um íbúðarhúsnæði.

Áttak af þessu tagi verður ekki gert nema í þétu samtali við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Nauðsynlegt er að ríkið stigi fastar inn í með fleiri hvata fyrir sveitarfélög að tryggja framboð á lóðum til uppbyggingar á fjölbreyttu húsnæði sem svarar þeirri eftirspurn sem er til staðar. Húsnæði sem passar fyrstu kaupendum, gæða húsnæði á viðráðanlegu verði sem hentar fjölskyldum. En að sama skapi þarf að tryggja framboð af húsnæði fyrir þau sem vilja geta minnkað við sig og fara í hentugra húsnæði á efri árunum.

Um leið þarf að gæta að því að skattkerfið virki sem tekjufjöfnunartæki og færi fé frá þeim sem geta til þeirra sem þurfa. Ísland er ríkt land og við eigum að geta búið til þjóðfélag þar sem fátækt barna er útrýmt, þar sem að öflugt velferðarkerfi grípur þau sem hrasa og þar sem að öll hafa tækifæri á að dafna. Þar sem við tryggjum öflugt opinbert heilbrigðiskerfi og að



Svandís Svavarsdóttir

framfærsla eldra fólks sé ekki lægri en lágmarkslaun. Félagsþjónusta og samvistir kynslóða eru jafnframt mikilvægur þáttur í því að tryggja samheldið samfélag og vinna gegn einmanaleika fólks á öllum aldri. Við finnum í samtölum við kjósendur að málefnaástaða VG í þessum efnum er sterk.

Þær breytingar sem hafa orðið til batnaðar á síðustu árum hafa verið vegna þess að VG hefur barist fyrir þeim á vettvangi ríkisstjórnar og í þinginu. Skólamáltíðir, þrepaskipt skattkerfi, borgarlína og stóruáknar húsnæðisbætur eru órfa dæmi um að það skipti máli að rödd VG var sterk. Öllu máli skiptir að rödd VG haldi áfram að verða sterk og fyrir því berjumst við.

Börnin okkar í Breiðholti



Jón Pétur Zimsen

Lykillinn af samfélaginu og lýðræðinu eru menntun og tungumálið. Það að geta tjáð sig í ræðu og riti eru ómetanleg lífsgæði og besta leiðin til að tryggja jöfn tækifæri í samfélaginu okkar.

Borgin, með Samfyllkingu, Viðreisn og Framsókn í fararbroddi, hefur reynt að slá ryki í augu íbúa með umbúðalausnum sem tölfræðin sýnir að engu skilar. Fólkið sem hefur stjórnað hingað til virðist ekki geta sett sig í spor þeirra sem hafa ekki milljón á mánuði. Það á líklega börn sem hafa flest til alls, aðgang að gæðum sem margir hafa ekki og getur með tengslum sínum nýtt sér bjargráð sem er ekki á færi venjulegs fólks.

Mikinn mannaúð er að finna í börnum Breiðhóltsins. Mannauð sem

íslenskt samfélag þarf á að halda til að vaxa og þróast sem allra best. Börn eiga rétt á því að þeim sé veitt athygli og að þau fái sem allra besta umhverfi til að ná tókum á lestri, skrift og stærðfræði. Öll börn, bæði þau sem standa vel og höllum fæti, eiga að útskrifast þannig að þau og foreldrar geti litið til baka og hugsað: „Ég kann íslensku vel, get skrifað hana og talað þannig að mark sé á mér tekið. Ég get lesið, hlustað og horft á íslenska miðla, skilið það sem þar fer fram, myndað mér skoðanir og viðhorf. Ég er tilbúin að takast á við næstu skref sem virkur þegn í samfélaginu“.

Það er kominn tími til, að við full-orðna fólkið sem stjórnun, gerum það til þarf. Ég hef sem skólamaður í tæp 30 ár reynslu af því að byggja upp jákvæð og árangursrík skóla-samfélög þar sem árangur og velferð nemenda er í fyrirrúmi. Ég er viss um að þessi hópur í Breiðholti er til í breytingar enda býr gott fólk þar og frábærir kennarar í skólunum. Það þarf aðgerðir sem virka, eins og við í Sjálfstæðisflokknum höfum lagt til (sjá) Meiri árangur – með stórsókn og umbreytingu á menntakerfinu - Sjálfstæðisflokkurinn (xd.is) ekki froðu og umbúðir.

Ég vil koma þessum aðgerðum til framkvæmda en til þess þarf ég umboð ykkar. Ég vil vera þingmaður sem hefur börn og unglinga í forgangi, árangur þeirra og velferð. Kjósum Sjálfstæðisflokkinn.

Jón Pétur Zimsen, aðstoðarskólalastjóri og skipar 3. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður



Hagaskóli á sigurstundu.

Myndir tók Anton Bjarni.

Hagaskóli vann lokakeppnina

Seljaskóli og Ölduselsskóli fóru áfram í úrslit í Skrekk

Þriðja og síðasta undanúrslitakvöld Skrekks 2024 fór fram í Borgarleikhúsinu 6. nóvember. Lokakeppnin var mánudagskvöldið 11. nóvember.

Hagaskóli sigraði með atriðið Stingum af sem fjallaði um loftlagsvá og flóttamenn. Í öðru sæti var Laugalækjarskóli með atriðið Kæra dagbók sem fjallar um mismunandi æviskeið og hringrás lífsins og í þriðja sæti var Réttarholtsskóli með atriðið Einbeittur brotavilji sem fjallar um skróp í tímum.

Átta grunnskólar tóku þátt í kvöld en það voru Háteigsskóli, Klettaskóli, Langholtsskóli, Réttarholtsskóli, Rimaskóli, Seljaskóli, Sæmundarskóli og Ölduselsskóli. Í úrslit komust Seljaskóli með atriðið Byrðar á baki hverju sem fjallar um álag á ungt fólk í samfélaginu og Ölduselsskóli með atriðið Skólstofan sem fjallar um mistök og vandræðaleg atvik í skólanum. Í ár tóku 25 skólar þátt í Skrekk og 721 unglingur þátt í undanúrslitum. Átta skólar komust áfram í úrslitin



Úr atriði Ölduselsskóla.

Pantaðu tíma í HEYRNAR GREININGU

Nánari upplýsingar í síma 534 9600 eða á heyrn.is

Allar helstu rekstrarvörur og aukahluti fyrir heyrnartæki fást á vefverslun heyrn.is





Góð heyrn glæðir samskipti

Hlíðasmára 19, 2. hæð • 201 Kópavogi • Sími 534 9600 • heyrn.is 




Unglist 2024

Unglist, listahátíð ungs fólks, fór fram víðsvegar um Reykjavík dagana 1. – 9. nóvember. Hátíðin er haldin að frumkvæði Hins Hússinser og er árlegur vettvangur fyrir ungt upprennandi listafólk á aldrinum 16-25 ára. Á þessum viðburðaríku dögum voru haldnar myndlistar og ljósmy-

ndasýningar, klassískir tónleikar og rokktonleikar, keppt í leikhússporti, haldnar dans- og leiksýningar og fleira og fleira.

Uppákomurnar fóru fram víðsvegar um Reykjavík, m.a. í Hinu Húsinu, Borgarleikhúsinu, Hörpu, Tjarnarbíói,

Árbæjarsafni, Sundhöll Reykjavíkur og Galleri Núllinu og allsstaðar var aðgangur ókeypis. Það er ástæða til að hvetja fólk til að hafa augun opin fyrir þessari árlegu hátíð þar sem hægt er að kynna list og sköpunarkrafti ungs fólks.



Sveinn Sampsted og Íris Svavarsdóttir.

Svæðastöðvar ÍSÍ og UMFÍ

Starfsfólks svæðisstöðva íþróttahéraðanna hefur síðustu vikur unnið að greiningum á stöðu íþróttamála um allt land. Vinnan er komin vel á veg á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða því hefur verið fundað með starfsfólki allra íþróttahéraða og haldið erindi á vel sóttu fulltrúaráðsþingi íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH), formannafundi íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) og á stjórnarfundum Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK). Eftir fundina var skilað inn tillögum að aðgerðaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.

„Við erum hrikalega spennt fyrir því sem koma skal og hlökkum til að vinna náið með höfuðborgarsvæðinu“, segja þau Íris Svavarsdóttir og Sveinn Sampsted, sem eru starfsmenn svæðisstöðvanna á höfuðborgarsvæðinu.

Svæðisstöðvarnar eru nýjung, sem íþrótt- og Ólympíisamband Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) settu á laggimar fyrir á þessu ári. Þær byggja á samþykktum af þingum beggja sambanda.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, tók vel undir tillögur íþróttahreyfingarinnar og studdi þær fjárhagslega næstu tvö árin.

Svæðisstöðvarnar eru átta talsins um allt land og eru tveir starfsmenn á hverri stöð. Hver svæðisstöð styður við íþróttahéruð á sínu svæði og hjálpar þeim að innleiða stefnu íþróttahreyfingarinnar og ríkisins í íþróttamálum.

Ein af áherslum svæðisstöðvanna er að auka þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi á Íslandi, sérstaklega börn með fatlanir, frá tekjulægri heimilum og þau sem hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Svæðisfulltrúarnir eru sextán talsins og dreifast jafnt á milli svæðisstöðva. Íris Svavarsdóttir og Sveinn hófu störf í ágúst og er þeirra hlutverk að styðja við ÍBH, ÍBR og UMSK. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um svæðisstöðvar ÍSÍ og UMFÍ á isi.is og umfi.is.



VERUM
VINSTRA
MEGIN

- Húsnæði fyrir fólk en ekki fjárfesta
- Sérstakar vaxtabætur til að mæta aukinni vaxtabyrði heimila
- Tökum vel á móti innflytjendum og tryggjum þeim möguleika á að blómstra sem fullgildir þátttakendur í samfélaginu
- Útrýmum kynjamisrétti og kvenfyrirlitningu
- Flýtum Borgarlínunni
- Stóraukum fjárveitingar til loftslagsaðgerða og flýtum þeim

Meira á vg.is



Samfélag fyrir okkur öll

Íslenskt samfélag hefur þróast og breyst ótrúlega hratt á síðustu áratugum. Þegar ég var að alast upp í Breiðholti á áttunda og níunda áratug síðustu aldar var það hratt og liflegt, spennandi og óútreiknanlegt – allt í senn. Síðan þá hefur hverfið svo sannarlega breyst til hins betra, sérstaklega með tilkomu aukins fjölda innflytjenda.

Um 80 þúsund útlendingar eru nú búsettir á Íslandi eða um 20 prósent af íbúum landsins. Þess vegna skiptir það meira máli en nokkru sinni fyrr að við stöndum hvert með öðru. Skynjum að við séum saman í líði, saman í landi, þrátt fyrir að vera með ólíkt litarhaft, ólíka kynhneigð eða kynvitund og ólíkar skoðanir.

Menning í stöðugri þróun

Til þess að ná þessum markmiðum verðum við að hafa tækifæri og tíma til að taka þátt í samfélaginu og upplifa að við séum velkomin. Hluti af því er inngilding og hluti af því er aðlögun, bæði aðlögun þeirra sem hingað flytja að íslensku samfélagi en einnig aðlögun samfélagsins sem fyrir er að nýju fólki og nýjum tímum.

Menning er ekki einhver tímalaus og stakstæð eining sem þarf að einangra eða verja frá breytingum. Menning er í stöðugri þróun. Menning er eitthvað sem við sköpum öll í sameiningu á hverjum degi.

Ísland fyrir okkur öll

Það er hluti af íslenskrari menningu að mæta á þorablót og horfa á áramótaskaup en það er líka hluti af íslenskrari menningu að borða pítsu og horfa á enska boltann. Það er hluti af



Alexandra Briem

íslenskrari menningu að fara á TikTok og kvarta undan veðrinu eða setja myndir af eldgosum á Instagram. Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér en við vitum að hefðir munu breytast – og það er til góðs.


Þeiratar vilja standa vörð um mannréttindi okkar allra. Við viljum tryggja að Ísland sé góður staður fyrir okkur öll að búa á, þar sem okkur líður öllum eins og við séum fullgildir þátttakendur sem mega vera með, hafa skoðanir og taka þátt í að þróa okkar sameiginlegu menningu áfram. Það skiptir meira máli en nokkru sinni – nú þegar fjölmenningin og mannréttindi eiga undir högg að sækja.

Kjósum öðruvísi, kjósum Þírata.

Höfundur skipar 4. sæti á lista Reykjavíkurkjördæmis norður.

Úr móum í gróðursæla byggð

... einstök sköpunarsaga Breiðholts



Gamli bærin í Breiðholti meðan enn var búið í honum.

Brátt nær Breiðholtbyggðin 60 ára aldri. Um miðjan sjöunda áratug liðinnar aldar voru drög lögð á byggingu nýs íbúðahverfis á landi Breiðholtsjarðarinnar. Framkvæmdir hófust þar um 1968. Um 1970 var flutt í fyrstu íbúðir í Breiðholti. Fyrstu íbúðirnar voru byggðar áfélagslegum grunni. Upphaflegur tilgangur byggðarinnar var að leysa úr brýnum húsnæðisvanda sem einkennt hafi uppbyggingu Reykjavíkur um langt skeið.

Upphafið má rekja til svonefnds júnísamkomulags sem gert var á milli verkalyðshreyfingarinnar og atvinnurekenda snemmsumars árið 1964. Eftir viðræður við ríkisstjórn um aðgerðir í húsnæðismálum láglaunafólks var gefin út yfirlýsing í júlímánuði 1965. Hún fól í sér að byggja 250 íbúðir á ári á næstu fimm árum eða samtals 1250 íbúðir. Sérstakri nefnd var komið á fót vegna framkvæmdanna sem var kölluð Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar. Það tókst að ná þessu 1250 takmarki. Þótt verkefni framkvæmdanefndarinnar lyki héldu byggingarframkvæmdir áfram. Bæði á vegum félaga samtaka og einstaklinga en lóðir voru boðnar út bæði til byggingu fjölbýlishúsa, raðhúsa, parhúsa og einbýla. Breiðholtið er í hugum margra tengt miklum framkvæmdum á vegum hins opinbera til lausnar á húsnæðisvanda láglaunafólks í Reykjavík.

Reykjavíkurborg keypti Breiðholt

Breiðholtsbyggðin stendur á gömlu Breiðholtsjörðinni. Jörðin var í eigu Viðeyjarklausturs árið 1395. Þar mun hafa verið bænhús helgað heilögum Blasíusi en það var aflagt við síðaskiptin á 16. öld. Breiðholt varð þá eign konungs. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 er jörðin sögð lénsjörð fyrir prest sem þjónaði kirkjum á Seltjarnarnesi, sem þá náði yfir mest allt núverandi höfuðborgarsvæði. Prestar munu að jafnaði ekki hafa setið í Breiðholti, en þó bjó séra Árni Helgason dómkirkjuprestur og biskup þar 1815 til 1826. Bæjar-

stjórn Reykjavíkur keypti jarðirnar Breiðholt, Ártún og Árbæ árið 1906 til þess að tryggja sér aðgang að vatni Elliðaánna fyrir vatnsveitur bæjarins. Árið 1923 var Breiðholt orðið hluti af lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Hólf fyrir sauðfjárbætur

Sauðfjárbætur er sérstakur kaffi í sögu Breiðholts. Breiðholtsgirðingin var reist á norður- og austurhluta jarðarinnar árið 1933. Girðingin afmarkaði land þar sem nú eru Mjódd, Stekkir, Bakkar, Hólar, Berg og Fell, en núverandi Skógar og Sel eru á því landi sem ábúandi Breiðholts nýttu áfram og var ógirt. Helsti hvatinn að girðingunni kom frá Fjáreigendafélagi Reykjavíkur, sem stofnað var 1927. Með því að girða Breiðholtslandið af var verið að tryggja vor- og haustbeit fyrir sauðfé og þar með bæta vörslu þess og sambýlið við bæjarbúa. Girðingin umlukti um 300 hektara lands. Þar með varð Breiðholtið að hólfi fyrir sauðfjárbætur. Jón H. Björnsson landslagsarkitekt og eigandi Gróðrarstöðvarinnar Alaska keypti kerfðafesturétt Breiðholtsbýlisins árið 1960 og var með starfsemi þar til fjölda ára. Hið forna bæjarstæði Breiðholts ásamt kirkjustæði og kirkjugarði var friðlýst árið 1981.

Hugmyndir Le Corbusier og Ebenezer Howard

Á sjötta áratugnum réð modernisminn ríkjum og einn helsti áhrifamaður á borgarskipulag var svissnesk-franskur arkitekt að nafni Charles Edouard Jeanneret, betur þekktur undir nafninu Le Corbusier. Þaðan

má rekja hluta hugmynda um byggingu Breiðholts. Fyrstu drög að uppbyggingu í Breiðholti eru frá árinu 1966. Þar var farin önnur leið við borgarskipulag en tíðkast hafði hér á landi. Í stað samfelldrar borgarbyggðar voru skipulögð úthverfi þar sem íbúðabyggð og atvinnuverfi voru að mestu aðskilin. Þetta hófst með Árbænum en síðan Breiðholti. Skipulag úthverfa og þar á meðal Breiðholts á einnig rætur að rekja til Ebenezer Howard sem stofnaði The Garden city movement á seinni hluta 18. aldar. Hugmynd Ebenezer Howard var að byggja græna og blómlega bæi fjarri miðborgum þegar mengun frá verkesmiðjum, sem risu í kjölfar iðnbyltingarinnar tóku að hrella borgarbúa á Englandi.

Efasemdir um íbúðabyggð

Ýmsar neikvæðar hugmyndir komu fram um þessa nýjung í skipulagi og byggingum. Í Þjóðviljanum 1972 mátti lesa eftirfarandi. „Breiðholt er eins konar borg í borginni, bæði steingeld og ljót, umhverfið fhand-samlegt íbúunum. Ferhyrind, feiki-stór steinhús, breiðar götur, þjónustumiðstöðvar, grjót og einangrun frá öllu bæjarlífi eru einkenni hverfisins. Það breytir engu þótt reynt verði að flikka upp á umhverfið með grænu grasi, blómabeðum eða myndastyttum, sjálf hugmyndin, skipulagningin og hverfamýndunin er ófær með öllu.“ Merkilegt að mál-gagn sem kenndi við sósíalisma og verkalyð skyldi láta slíkar skoðanir í ljósi. En þær lýstu nokkuð almenning-sálitinu á þessum tíma.

Einstök byggingarsaga

Fram til þess tíma að Breiðholts-jörðin var tekin undir íbúðabyggð hafði þetta landsvæði tæpast verið talið henta sem búsvæði í borg. Til þess væri það í of mikilli hæð yfir sjávarmáli. Mönnum fannst þetta of langt frá gömlu Reykjavík og sumir settu hæð byggingarlandsins yfir sjávarmáli fyrir sig. Fólk hélt að gróður myndi ekki þrífast og að vetur yrðu mun snjóþyngri en þar sem lægra er. Annað kom á daginn. Þegar litid er yfir Breiðholtið þá er það eitt af gróðursælustu byggðum Reykjavíkur. Vondar forspár rættust ekki. Enn í dag er byggingarsaga þessa borgarhluta, sem er einskonar bæir í borginni einstök í sögu byggða á Íslandi.



Sveinn Sampsted og Íris Svavarsdóttir.

ÍR

Jóhann kemur en Árni fer

Jóhann Birnir Guðmundsson heldur áfram með meistaraflokk karla ÍR og mun stýra liðinu næstu tvö árin. Jóhann hefur stýrt liðinu undanfarin ár með Árna Frey Guðnasyni sem ákvað að hoppa frá borði á dögnum.

Árni og Jóhann skrifuðu í haust undir nýjan samning við ÍR en Árni hætti til að

taka við Fylki á dögnum. „Jói kom fyrst til félagsins fyrir tveimur árum þar sem hann var ráðinn sem annar af tveimur aðalþjálfurum liðsins. Liðið hefur náð góðum árangri eftir komu Jóa til félagsins en við ætlum bara að gefa enn meira í á næsta ári og halda áfram að gera enn betur.

HVERFISBLAÐIÐ

BREIÐHOLT

Auglýsingasími 568 8862



Gamli bærin í Breiðholti meðan enn var búið í honum.



Minnisvarði sem Róaryklúbburinn í Breiðholti lét reisa árið 2000 í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku.



LOFTGÆÐI ERU LÍFSGÆÐI SLEPPUM NÖGLUNUM



Reykjavík



Albert Þór Magnússon og Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir

Íslenska sveitin í Dimmalimm

Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir og Albert Þór Magnússon eigendur Lindex og Gina Tricot hafa fest kaup á barnafataversluninni Dimmalimm á Laugavegi 53b og stefna að því að selja þar í þjóðlegan íslenskan fatnað í bland við vönduð spönsk barnaföt. Við hittum hjónin í höfuðstöðvunum í Skeiðarási til að spyrja fréttu af þessum kaupum.

Ég ákvað að heyra í Lilju eiganda versunarinnar Dimmalimm, segir Lóa Dagbjört, til að spyrja hvort hún vildi selja og hún tók bara mjög vel í það. Við fórum að ræða saman og hálfu ári seinna vorum við búnar að ganga frá því að við tækjum við rekstrinum á Laugavegi. Þar ætlum við að halda áfram með Mayoral merkið og svo erum við með Lenne sem er eistrneskt útfatamerki, mjög góðar vörur. Svo erum við að endurverkja gamalt fatamerki sem við byrjuðum með fyrir fimmtán árum síðan sem heitir Emil og Lína og ætlum að vera með íslenska hönnun og barnafatnað undir því merki. Það er mjög skemmtilegt að taka við keflinu af Lilju sem er eka búðarkona.

Emil og Lína verður mjög íslenskt vörumerki og það verða sagðar sögur í tengslum við barnafatnaðinn, íslenskar þjóðsögur og tvínaðar saman við íslenska náttúru og íslensku húsdýrin og hönnunin verður þannig að þetta verði ljóst og skemmtilegt fyrir börnin. Við verðum með tröll og víkinga og íslensku fuglana og segjum sögur af þeim og svo verðum við með íslenskt handverk, þrjónafatnað og fleira á börn, þrjónað af íslenskum konum. Það tengist

uppruna okkar Alberts því ömmur okkar voru miklar handverkskonur, amma mín þrjónaði þeysur alveg linnulaust og amma hans Alberts var klæðsker. Þannig að við erum að leita í ræturnar og spreita okkur á því að vera með okkar eigin vörumerki og við ætlum að gera því hátt undir höfði í Dimmalimm og færa íslensku sveitina á Laugaveginum.

Ætlið þið að fylgja því eftir í innréttingunum?

Já það er gaman að segja frá því, segir Albert, en ég hafði upp á fyrsta bílnum sem ég keyrði en það er Landróver. Ég talaði við mann sem erfði bílinn og er búinn að taka við búi föður síns þar sem ég var í sveit og ég spurði hann hvort ég gæti fengið Landróverinn. Það var samþykkt og við ætlum að færa hann með einum eða öðrum hætti inn í verslunina og þessi fyrsti bíll ég sem keyrði og ýmsir munir sem einkenna íslensku sveitina verða þarna. Og það eru fáir hlutir sem tengjast íslensku sveitinni meira en Landróverinn.

Samhliða þessu verðum við með Mayoral merkið sem er eitt stærsta barnafatamerkið í Evrópu, er í um 100 löndum með 10000 útsöluastaði. Þetta er risavaxið fyrirtæki og það er fjórði ættliðurinn sem er að reka þetta frá Malaga á Spáni en þeir byrjuðu 1941 að framleiða sokka en hafa framleitt barnafatnað frá 1966 og eru stærstu barnafatframleiðendum heims. Við byrjuðum við eldhúsbörðið í Svíþjóð 2010 og það hefur vaxið í þetta fyrirtæki sem við reukum í dag með rosalega mikið

af flottu og hæfileikaríku fólki í kringum okkur. Lóa hefur oft sagt að höfuðstöðvarnar í Skeiðarásum séu eins og sveitabær því það er alltaf einhver að koma eða fara og allir að fá kaffi og spyrja fréttu og að það á ágætlega við að líkja staðnum við sveitabæ því það er dálítil sveitastemming hérna.

Búðirnar okkar eru um allt land og það vinna um 150 manns hjá okkur, segir Lóa. Við erum með Lindex-verslanir á Selfossi, á Akureyri og Egilsstöðum, á Akranesi og á Suðumesjum, við erum landsbyggðarfólk og viljum sinna landsbyggðinni vel. En okkur finnst líka gaman að vera með búð á Laugaveginum því það eru svo margir ferðamenn þar og spennandi var vera með Emil og Línu þar sem er íslenskt barnafatamerki en svo er Mayoral algjör andstæða en það er eiginlega sparífata barnamerki þar sem þú færð ullarkápur og sixpensara, slaufur og axlabönd og þessháttar.

Þetta eru fin föt, segir Albert, og þó full-orðnir geti keypt sér jakkaföt þá er ekki svo mikið úrval af þannig fíneri fyrir börn og þetta hefur dálítið vantað í vöruúrvalið sem við bjóðum í gegnum Lindex. Við sjáum ýmis tækifæri í gegnum þessa blöndu að leyfa Mayoral fatnaði að njóta sín með íslensku sveitinni, lopapeysunni og lundaprentinu.

Við getum nú stóraukið úrvalið af Mayoral fatnaði á Laugavegi, segir Lóa og munum nú frumsýna alla vörulínuna þar.



Rósa Rúnudóttir og Kristín Ingvadóttir

Fagrar tær og mjúkar yljár

Í Furugerði 1 eru starfræktar þjónustu-íbúðir á vegum Reykjavíkurborgar og er ýmis starfsemi og þjónusta í boði í húsinu, bæði fyrir íbúa og utanaðkomandi. Hinn 1. október 2018 tók snyrti- og fóttaðgerðafræðingurinn Rósa Rúnudóttir við rekstri fóttaðgerðastofunnar í Furugerði 1. Núna hefur henni bæst liðauki þar sem Kristín Ingvadóttir er komin til starfa. Hún er fóttaðgerðafræðingur, nuddari og íþrótta-

fræðingur og kemur frá Grindavík. Þær stóllur leggja áherslu á að fóttaðgerðastofan nýttist ekki bara heimilismönnum Furugerðis heldur sé opin öllum. Stofan er á fyrstu hæð og aðgengi er með besta móti fyrir aldraða og fatlaða og hægt að keyra fólk alveg upp að dyrum. Gjafakort í fóttaðgerð er góð gjöf enda eru fæturnir undirstaða fyrir vellíðan. Tímá pantanir eru í síma 588-2232.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚB VIRÐING
TRÁUST REYNISLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

NÝJAR SÝNINGAR KOMNAR Í SÖLU!

KARÍUS & BARTUS



MIÐASALA | 528 5050 | HARPA.IS



Krossgátublaðið Nýjar Tómsundur 57. tbl.
og Krossgátublaðið Fjörefni 57. tbl.
fást á næsta blaðsöluastað






Unqlist 2024

Unqlist, listahátíð ungs fólks, fór fram víðsvegar um Reykjavík dagana 1. – 9. nóvember. Hátíðin er haldin að frumkvæði Hins Hússins og er árlegur vettvangur fyrir ungt upprennandi listafólk á aldrinum 16-25 ára. Á þessum viðburðaríku dögum voru haldnar myndlistar og ljósmy-

ndasýningar, klassískir tónleikar og rokktónleikar, keppt í leikhússporti, haldnar dans- og leiksýningar og fleira og fleira.

Uppákomurnar fóru fram víðsvegar um Reykjavík, m.a. í Hinu Húsinu, Borgarleikhúsinu, Hörpu, Tjarnarbíói,

Árbæjarsafni, Sundhöll Reykjavíkur og Gallerí Núllinu og allsstaðar var aðgangur ókeypis. Það er ástæða til að hvetja fólk til að hafa augun opin fyrir þessari árlegu hátíð þar sem hægt er að kynna list og sköpunarkrafti ungs fólks.



„Inngilding/Inclusion“ hvað er það?

Ég horfði á virkilega áhugaverðan þátt „Vegurinn heim“ sem sýndur var á RÚV á mánudagskvöldið 4. nóvember og þá áttáði ég mig á því að örugglega mjög margir Íslendingar vita ekki hvað orðið „inngilding“ þýðir. Eins og svo oft áður þá koma upp tískuorð og um tíma virtist allir vera að nota orðið og augljóst að margir vita ekki hvað það þýðir raunverulega. Í fyrrenfdum þætti fannst mér í fyrsta sinn einhver geta lýst því skilmerkilega og bið ég ykkur sem ekki hafa séð hann um að gefa ykkur tíma til þess.

... að samfélagið finni leiðir til að allir finni sig tilheyrja, hafa hlutverk og skipta máli.

... að allir geti með stolti nýtt sína menntun og reynslu, sinn áhuga og eldmód í að starfa og finna sig gildandi í samfélaginu.

Inngilding snýr að því að enginn í okkar samfélagi eigi að upplifa að hann sé útundan og því er mikilvægt að skoða hvaða þættir geta leitt til þess að fólk finnst það ekki eiga stað í samfélagi okkar. Inngilding er nefnilega ekki aðeins hugtak sem nær utan um innflytjendur, eins og margir telja, heldur einnig t.d. um fatlaða. Verkefnið „Allir með“ er til dæmis gott dæmi um hvernig á að auka á inngilding barna með fötlun í íþróttir.

Samfélagið í heild getur tekið vel á móti innflytjendum með því að sýna



Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir

að við þörfumst þeirra hæfileika og styrkleika sem því miður liggja ónýttir og að við sem samfélag sýnum ábyrgð og þolinmæði gagnvart samfélaginu okkar.

Þið sem íbúar þessa fjölbreytta samfélags hafið mikið að segja við inngilding og þátttöku allra íbúa. Með opnum hug og skilningi getum við aukið lífsgæði nágretta okkar til muna.

Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir
Íþróttar- og frístundatengill Suður-
miðstöð

Lækkum vexti

Það er stærsta hagsmunamál heimila og fyrirtækja!

**LILJA
ALFREÐSDÓTTIR**

1.SÆTI REYKJAVÍK SUÐUR
Menningar- og viðskiptaráðherra og
hagfræðingur

Aukum framboð á húsnaði í samstarfi ríkis og sveitarfélaga

Ódýrari matarkarfa með lækkun matarskatts

Lengjum fæðingarorlofið í 18 mánuði og hækkum hámarksgreiðslur

Eflum íslenskukennslu og tryggjum að öll snjalltæki og forrit tali íslensku

framtiðin ræðst á miðjunni!
framtiðin ræðst á miðjunni!
framtiðin ræðst á miðjunni!

xB



Það er komið að þér

- Hækkum skattleysismörk í 450.000 kr. á mánuði hjá lágtekjufólki með fallandi persónuafslætti.
- Byggjum upp nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd þar sem lögð er áhersla á fasta óverðtryggða vexti og tryggjum þannig fyrirsjáanleika.
- Afnemum húsnæðisliðinn úr vísitölu neysluverðs, því hann heldur verðbólgunni uppi.
- Bætum stöðu og réttaröryggi leigjenda með leigubremsu.



Marta Wieczorek

Ragnar Þór Ingólfsson

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir

Inga Sæland



Breiðholtið, hvatningin og vinnan

Nýjar niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar 2024 sýna jákvæða þróun í líðan og velferð barna og ungmenna, sem gefur okkur tilefni til bjartsýni. Gögnin benda til að ný lög um farsæld barna og þau fjölmörgu úrræði sem við höfum innleitt á undanförmum árum í þágu barna og ungmenna séu að virka.

Líðan og velferð barna fer batnandi

Einelti meðal ungmenna í 10. bekk hefur minnkað umtalsvert þar sem einungis 4% barna í 10. bekk segjast nú verða fyrir einelti, en það er umtalsverð breyting til batnaðar. Að sama skapi hefur félagsleg þátttaka barna aukist, og taka fleiri börn nú þátt í skipulögðu íþróttastarfi og tómsundum en áður. Börn í yngri bekkjum sækja í auknum mæli íþróttir og tómsundastarf. Nánast öll börn segjast eiga vini, og mikill meirihluti nemenda þvert á árganga telur sig eiga auðvelt með að eignast nýja vini. Þetta skapar sterkan grunn fyrir félagsfærni þeirra og stuðlar að jákvæðri líðan.

Kvíði og depurð fer minnkandi

Rannsóknin sýnir meðal annars að kvíði og depurð meðal barna og ungmenna hafi minnkað. Hjá börnum í 6. bekk mælist þetta hlutfall barna sem finna fyrir kvíða nú 35%, og hefur lækkað um heil 13%. Sama mæling hefur einnig lækkað meðal barna í 8. og 10. bekk. Þetta eru mikilvægar vísbendingar um að snemmtæk inngríp og stuðningur samkvæmt farsældarlögum séu að virka. Þrátt fyrir þessar góðu fréttir er andleg heilsa enn ein helsta áskorun okkar fram veginn, við þurfum að halda áfram að hlúa að andlegri heilsu



Ásmundur Einar Daðason

ungmenna svo þessi lækun sem við erum farin að sjá haldi áfram.

Ætlum að fást við áskoranir

Þessar jákvæðu niðurstöður sýna okkur að samfélagið er að ná árangri í að bjóða upp á öflugt stuðningskerfi fyrir börn. Samt sem áður stöndum við enn frammi fyrir áskorunum, sérstaklega þegar kemur að börnum í viðkvæmri stöðu. Með nýjum úrræðum fyrir börn af erlendum uppruna, börn á flóttu og börn í erfiðum félagslegum aðstæðum ætlum við að tryggja jöfn tækifæri og betri lífsskilyrði fyrir öll börn á Íslandi. Við ætlum að halda ótraud áfram og gera enn betur!

Ásmundur Einar Daðason er memnta- og barnamálaráðgjafi. Hann skipar fyrsta sæti á lista Framsóknar í Reykjavík norður.

Ég er í besta starfi í heimi ... segir Edda Borg skólastjóri Tónskóla Eddu Borg



Hjónin Edda Borg Ólafsdóttir og Bjarni Sveinbjörnsson eigendur Tónskóla Eddu Borg.

Milt haustveður er úti og inni fyrir skynjar komumaður sérstakt milt andrúmsloftið þegar hann gengur upp stigann hjá Tónskóla Eddu Borg við Kleifarssel í Efra Breiðholti. Hádegi er afstaðið og fáir nemendur mættir enda síðari hluti dags annatími í tónlistarskólunum. Úr einu herbergi berast fíðlutónar þar sem ungur kennari er með nemendur í tíma.

“Ertu kominn“ kallar skólastýra glaðlega þar sem hún situr við skrifborð og er að ljúka símtali. „Gefðu mér eina mínútu. Svo læt ég renna í kaffibolla fyrir þig. Ég er með svo góða kaffivél.“ Hún hafði greinilega ekki verið notuð þann daginn því hún þyrfti að hreinsa sig áður hinn

heilagi dropi rann í bollann. „Ég drekk nefnilega ekki kaffi. Er öll í teinu,“ segir skólastýran glaðlega og spyr hvort við eigum ekki að koma inn til sín. „Par verður meira næði þegar krakkarnir fara að koma.“ Sú sem þetta mælir er Edda Borg Ólafsdóttir stofnandi, eigandi og skólastjóri tónskólans. Tónskólinn varð eiginlega til í Seljakirkju og starfaði þar meðan fyrstu skrefin voru stígnin. Tónskólinn hefur verið við Keifarssel undanfarn ár í næsta nágrenni við Seljaskóla. „Þessi staðsetning hefur hentað okkur vel og einkum krökkunum sem sækja tónlistarnámið,“ segir Edda.

Fann þörfina

Tónskóli Eddu Borg. Hvernig byrjaði

þetta. Hvenær fékkstu hugmyndina að stofna skóla. „Ég var í Tónlistarskólanum í Reykjavík og fór að liða að ég myndi útskrifast sem tónmenntakennari. Ég hafði unnið samhlíða námi og þegar ég réði mig sem tónmenntakennara í Seljaskóla fann ég þörfina fyrir tónlistarkennslu fyrir börnin í þessu hverfi. Þannig varð úr að hér var opnaður vísir að tónlistarskóla. Fyrsta árið kenndum við í Seljakirkju og einungis forskóla. Við vorum tveir kennarar sem skiptumst á um að kenna hópum, önnur inni í kirkjunni og hin í safnaðarsalnum. Skiptum við svo um stað með hópum næst þegar krakkarnir mættu. Þetta var upphafið og við höfum átt í mjög góðu samstarfi við Seljakirkju. Síðan fluttist starfsemi yfir í Hólmasel 4-6 sem er næsta hús við kirkjuna og við gátum boðið upp á kennslu á fleiri hljóðfæri. Tveimur árum síðar festi Reykjavíkurborg kaup á því húsnæði og þar vorum við til ásin 2009 þegar Reykjavíkurborg keypti þetta hús við Kleifarssel þar sem við erum nú. Þetta er sagan. Þannig hófst þetta.“

Eins og bær úti á landi

Edda segist hafa verið 23 ára og nýlega útskrifaður tónmenntakennari þegar hún fór af stað með skólann. Skólastarfið hafi gengið vel og hún sé þakklát foreldrum í hverfinu fyrir að hafa treyst sér fyrir börnunum. „Við höfum starfið með forskóla. Á öðru ári gátum við boðið kennslu á píanó og á blásturshljóðfæri. Eftir það komu strengjahljóðfærin. Þegar skólahljómsveitin varð öflugri með frábærum nýjum stjórnanda þá fækkaði umsóknum um nám á blásturshljóðfæri. Nemendafjöldinn hefur verið á bilinu 120 til 200 nemendur og margir voru að koma frá nágrennabyggðum bæði ofan af Skaga og frá Suðurnesjum. Við stóðum líka fyrir námskeiðum og efundum til skemmtilegra hluta.“ Edda tekur undir að skólinn hafi verið og sé einskona hjarta í hverfinu. Hún sem á rætur til Bolungarvíkur segir að fyrir sér sé Seljahverfið nánast eins og bær út á land.“

✓ Smur- og hjólbarðapjónusta
✓ Alhliða bílaviðgerðir og viðhald

SMURPJÓNUSTA - SAMNINGAR VIÐ ÖLL HELSTU BÍLAUMBOD

Smurstöðin
KLÖPP

Við Vegmúla • Sími 553 0440
Opíð mánudaga - fimmtudaga 8-18
föstudaga 8-16

HVERFISBLAÐIÐ
BREIÐHOLT

Auglýsingasími 568 8862

NÝTT Á ÍSLANDI...

Hágæða náttúrulegar hárvörur frá TANINO sem vernda og styrkja hárið eru komnar í sölu á vefnum okkar - scala.is

Þú getur líka kíkt við hjá okkur að Lág múla 5.



PANTAÐU TÍMA



noona.is/scala

Scala
HAIR & MAKEUP

LÁGMÚLA 5
108 REYKJAVÍK

553 1033

TANINO
THERAPY

fb.com/scala.hair

www.scala.is



VERTU MEÐ Í ÍPRÓTTUM OG FRÍSTUNDUM Í BREIÐHOLT!

Skráning hjá:



Dans Brynju Péturs: www.brynjapeturs.is

Dansgarðurinn: www.dansgardurinn.is

Frístundamiðstöðin Miðberg: www.midberg.is

Hjólakraftur: www.hjolakraftur.com

Íþróttafélag Reykjavíkur: www.ir.is

Íþróttafélagið Leiknir: www.leiknir.com

Skákfélagið Huginn: www.skakhuginn.is

Skátafélagið Hafarnir: www.hafarnir.org

Skátafélagið Segull: www.skatarnir.is/segull

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts:

<http://arbaer.skolahljomsveitir.is>

Sundfélagið Ægir: www.aegir.is

Tónskóli Eddu Borg: www.teb.is

Tónskóli Sigursveins: www.tonskolisigursveins.is

Þátttaka barna og unglunga í íþróttum og frístundastarfi eykur líkur á...

- Betri líkamlegri og andlegri heilsu
- Félagslegri tengslamyndun, að eignast vini
- Að tileinka sér skipulögð vinnubrögð
- Að virða reglur og viðmið
- Bjartsýni á framtíðina

Þátttaka barna og unglunga í íþróttum og frístundastarfi minnkar líkur á ...

- Reykingum og tengdri neyslu
- Neyslu áfengis
- Neyslu fíkniefna
- Kyrrsetu og aðgerðaleysi
- Einsemd og félagslegri einangrun
- Skaðlegri hegðun



Dimmalimm

LAUGAVEGUR 53B



dimmalimmreykjavik.is